



Reykjavík, 25. júní 2024

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Umsögn menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs um skýrslu og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa

Þann 11. júní 2024 lagði borgarstjóri fram í borgarráð svohljóðandi tillögu; Lagt er til að borgarráð samþykki að skýrslu og tillögum starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa verði vísað til umsagnar velferðarráðs, skóla- og frístundaráðs, menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs og öldungaráðs. Tillagan var samþykkt.

Umsögn:

Menningar-, íþrótt- og tómsundaráð fagnar framkominni skýrslu og þeim tillögum og ábendingum hópsins sérstaklega sem lúta að verksviði menningar- og íþróttasviðs. Annars vegar er um að ræða tvær tillögur og hins vegar ábendingar.

Fyrri tillagan um „15 mínútna hverfið“ leggur áherslu á almenna nærþjónustu á þessu sviði við alla aldurshópa borgaranna. Þegar er rekið afar umfangsmikið félags- og frístundastarf í borginni en lagt er til að innan 15 skilgreindra hverfiskjarna sé borgurum auðveldað að nálgast að minnsta kosti fimm almenna og opna þjónustupætti. Hér er um að ræða félagslega virkni fyrir alla aldurshópa, menningarhús, íþrótt- og/eða lýðheilsustarf, skóla- og frístundahúsnæði og útivistarsvæði. Menningar-, íþrótt- og tómsundaráð tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslunni að horft verði til þessara sjónarmiða við þróun starfs og húsnæðis á vegum borgarinnar. Það fellur m.a. vel að markmiðum velferðarstefnu Reykjavíkurborgar um nálægð og aðgengileika og einnig markmiðum „Græna plansins“ sem lúta að því að hvernig hverfisskipulag, endurnýjun kerfiskjarna og fjárfesting í innviðum verði göngu/hjólavænni. Sérstök vefsja var þróuð í tengslum við verkefni hópsins sem auðveldar nánari skoðun á hinu fjölbreytta starfi og staðsetningu þess sem hjálpað getur við frekari ákvarðanatöku í þessu efni.

Seinni megingtillaga skýrslunnar lýtur að félagsmiðstöðvum fyrir eldra fólk. Þær eru nú 17 talsins en lagt er til að fimm þeirra, sem nú eru reknar í húsnæði tengdum þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk, verði breytt í sérhæfðar félagsmiðstöðvar. Hér er horft til þess að íbúasamsetning þeirra sem í þjónustuíbúðunum búa hefur breyst og þarfir þeirra fyrir sérhæfða þjónustu og nálgun í félagsstarfi aukist. Lagt er til að kostir þess að breyta starfseinni að mestu til dagdvalaforms verði kannaðir enda fellur hún m.a. að markmiðum velferðarstefnunnar um virðingu og umhyggju. Breytingar á aldursamsetningu borgaranna og almennt aukinni þjónustupörf fjölbreyttra hópa kallar á sérhæfingu eins hér er lagt til.



Reykjavík



Varðandi ábendingar hópsins, m.a. um notkun fjölbreytts húsnæðis borgarinnar víðs vegar um borgina vill menningar-, íþróttá- og tómstundaráð sérstaklega leggja áherslu á möguleika til fjölbreyttrar nýtingar þess, m.a. með áherslu á virkni.

DRÖGG



Reykjavík